



LJÓSMYNDASKÓLINN

## Ljósmyndaskólinn ehf.

**Innramat – sjálfsmat 2025**

Starfsskýrsla Ljósmyndaskólans

Gert í febrúar 2025

Ljósmyndaskólinn

Hólmaslóð 6

101Reykjavík

[ljosmyndaskolinn@ljosmyndaskolinn.is](mailto:ljosmyndaskolinn@ljosmyndaskolinn.is)

[ljosmyndaskolinn.is](http://ljosmyndaskolinn.is)

## 1. Starfsskýrsla.

Stefna Ljósmyndaskólans er að kenna ljósmyndun og aðferðir við að beita ljósmyndataækninni á skapandi hátt og að auka þar með valmöguleika í menntun í ljósmyndun með listsköpun að leiðarljósi á Íslandi. Eins er markmið skólans að auka veg ljósmyndunar með því að stuðla að aukinni þekkingu á ljósmyndun og vekja athygli á möguleikum miðilsins í íslensku samfélagi með margvislegum hætti.

Það er stefna Ljósmyndaskólans að bjóða nemendum upp á upp á vel skipulagt listnám og góða starfsaðstöðu. Að vanda til vals á kennurum og setja þar í forgrunn að þeir séu allir starfandi í sínu fagi, hafi kennslureynslu, sérþekkingu og metnað til góðra verka og séu nemendum fyrirmynd um fjölbreyttar aðferðir og leiðir við listsköpun.

Sem fyrr var það fyrst og fremst aðalmarkmið skólans þetta starfsár, að uppfylla þær kröfur sem hann gerir til sjálfs sín og þau almennu ákvæði sem felast í þeim lögum sem skólinn heyrir undir. Jafnframt að uppfylla þær skyldur sem felast í gildandi viðurkenningu Menntamálastofnunar til að starfa sem einkaskóli á framhaldsskólastigi. Kappkostað er að tryggja sem best skipulag og gæði náms sem og almennt skólastarfsins alls. Innra mat skólans fer fram eftir mismunandi en fyrirfram ákveðnum leiðum sem nemendur og kennarar eru meðvitaðir um. Innramat er ávallt virkt.

Framlengdur var, til eins árs, samningur á milli mennta- og barnamálaráðuneytis og Ljósmyndaskólans sem felur í sér styrk til starfsemi Ljósmyndaskólans. Slíkur samningur tryggir stöðugleika í rekstri og gerir mögulegt að horfa til lengri tíma við skipulagningu á skólastarfi, skólaþróun og öðrum verkefnum skólans. Samningurinn er grundvöllur þess að þróa leiðir til heildstæðra lausna á verkefnum og að uppfylla markmið skólans. Tryggur rekstrargrundvöllur auðveldar mótun framtíðarstefnu um rekstur s.s um framkvæmdir, gerð áætlana og um einstaka verkþætti t.d. endurnýjun tækja og búnaðar.

Ætíð er kappkostað að nota það svigrúm sem skapast í rekstri til að bæta hag nemenda, bæði með tilliti til þess að endurnýja og bæta aðstöðu og tækjabúnað en einnig að leita leiða til að minnka efniskostnað nemenda við námið.

### 1.1 Almennt um starfsemi skólans árið 2024

#### Nám og kennsla

Nám og kennsla á árinu var skipulögð samkvæmt námsbrautarlýsingum beggja námsbrauta skólans en við skólann er boðið upp á nám á tveimur námsbrautum; Námsbraut í skapandi ljósmyndun 1, tvær annir og Námsbraut í skapandi ljósmyndun 2, 3 annir. Kennsluvikur voru 17 á hvorri önn.

Á starfsárinu 2024 voru skráðir nemendur skólans alls 43, á báðum námsbrautum. Sex nemendur voru í hálfu námi vorönn og 8 nemendur í hálfu námi á haustönn.

Vorönn 2024: 17 nemendur, 15 luku áætluðum einingum náms.

Haustönn 2024: 26 nemendur, 23 luku áætluðum einingum náms.

Nokkrir nemendur skólans voru í fæðingarorlofi eða í tímabundnu veikindaleyfi hluta starfstímabilsins og skýrir það að hluta til breytileika í tölum, fjölda hálfra nemenda og að ekki luku allir þeim einingum sem þeir höfðu skráð sig í. Nokkrir nemendur framlengdu yfirstandandi veikindaleyfi eða hlé á námi af öðrum persónulegum ástæðum.

Þann 27. maí 2024 útskrifuðust 6 nemendur af Námsbraut í skapandi ljósmyndun 1 eftir tveggja anna nám, skólaárið 2023- 2024.



Í desember 2024 útskrifuðust 4 nemendur með diplómu í skapandi ljósmyndun af Námsbraut í skapandi ljósmyndun 2, eftir þriggja anna nám.

### **Sýning á verkum útskriftarnemenda.**

Sýning á fjölbreyttum útskriftarverkefnum nemenda sem útskrifuðust af Námsbraut í skapandi ljósmyndun 2, var haldin í Ljósmyndasafni Reykjavíkur – Grófarsal og stóð hún frá 13. desember 2024 til 5. janúar 2025.

Verkin á sýningunni voru ólík og endurspegluðu fjölbreytta möguleika samtímaljósmyndunar. Sýningin var einkar vel sótt af gestum.

Ljósmyndaskólinn er í samstarfi við Ljósmyndasafn Reykjavíkur um að hýsa sýningu á útskriftarverkum nemenda lokaannar.

Samstarfið á milli Ljósmyndaskólans og Ljósmyndasafns Reykjavíkur hefur staðið í nokkur ár og verkferlar mótast á tímabilinu. Samstarfið er gott og gefandi fyrir báðar stofnanir og er einhugur um að hlúa að því.

Það er einkar mikilvægt fyrir nemendur skólans að öðlast reynslu í því að vinna í opinberu listrými, í umhverfi safna og sýningahalds, að kynnast með því vinnuaðferðum og framtíðar samstarfsfólki innan þessa hluta listgeirans.

### **Nemendur - námsframvinda.**

Nokkur aukning varð á nemendum sem skráðir voru í hálf ták við skólann á starfsárinu. Ákvörðun um að bjóða upp á þann möguleika að taka ½ ták voru viðbrögð skólastjórnenda við beinum óskum um að sá möguleiki væri til staðar og eins viðbrögð til leitast við að stemma stigu við brottfalli úr námi.

Ástæður þess að óskað er eftir að fá að stunda ½ ták eru persónulegar; vinna meðfram námi, barnseignarleyfi, veikindi sem hamla því að viðkomandi geti stundað fullt ták eða annað slíkt.

Fyrirkomulaginu fylgir að endurskoða þarf verkferla varðandi utanumhald á námsframvindu nemenda og áætlanagerð varðandi kennslumagn áfanga. Var unnið að því að þróa þá verkferla frekar á árinu.

Það að eiga þess kost að stunda hálf ták hentar mörgum nemendum vel af ýmsum ástæðum. Brottfall úr námi minnkar í raun því flestir þeir sem taka hálf ták, ljúka náminu og þeir sem tímabundið minnka við sig t.d. vegna veikinda eða barneigna koma til baka og ljúka námi þó ekki sé það á fullum námshraða.

### **Starfsfólk og fyrirkomulag kennslu.**

Kennarar á þessum tveimur önnum náms árið 2024 voru 29, allir verktakar. Að auki komu leiðbeinendur að starfi með nemendum á lokaönn námsins og gestafyrirlesarar fluttu staka fyrirlestra fyrir nemendur. Þá er um að ræða fyrirlestra um efni sem er ítarefni við viðfangsefni náms en ekki bundið áföngum eða þar sem fjallað er um sérhæfð eða sértæk viðfangsefni, í einstökum áföngum á báðum námsbrautum.

Kennsla var skipulögð sem staðnám en fjarfundatækni var nýtt fyrir hluta fyrirlestra, hópatíma, einkaviðtöl og umræðutíma í einstökum áföngum þar sem slíkt fyrirkomulag hentaði. Eins gátu nemendur sem ekki áttu heimangengt í kennslustundir, óskað eftir að fá að fylgjast með kennslustundum um fjarfundi. Á það einkum við um kennslu í bóklestum áföngum eða umræðutímum. Var þetta hentugt fyrirkomulag þar sem framkvæmdum við það húsnæði sem skólinn leigir, var ekki að fullu lokið fyrir en á haustmíssi 2024. Talsvert rask fylgdi framkvæmdum og hljóðvist á tímabilinu var misgóð.

Einn starfsmaður við skólann er í fullu starfi og til viðbótar er tæplega ½ stöðugildi. Er þetta starfshlutfall framkvæmdastjóra/skólastjóra og verkefnastjóra kennslu og gæðamála.



Við skólann starfar námsráðgjafi. Hún er verktaki og sinnir fræðslu um námstækni, skipulag og aðra gagnlega þætti sem snúa að náminu og veitir viðtöl og aðstoð við þá nemendur sem þess þurfa.

### **Innra mat skólans**

Innra mat skólans er ávallt virkt og fer það fram eftir fyrirfram ákveðnum leiðum sem nemendur og kennarar eru meðvitaðir um.

- Rafræn könnun er lögð fyrir nemendur að loknum áföngum. Könnunin er stutt og er ekki rekjanleg til einstakra svarenda. Í könnunum er fyrst og fremst verið að freista þess að leggja mat á viðfangsefni áfangans, erfiðleikastig, námsefni en einnig hvernig kennarinn skilaði sinni vinnu. Kennarar eru upplýstir um niðurstöður úr kennslukönnunum.

Samantekt úr kennslukönnunum sýnir áþekka niðurstöðu og síðustu ár; að nemendur eru ánægðir með áfangana, kennsluna og umhald og upplýsingagjöf skólans. Þeim finnst námið gefandi en krefjandi.

- Rafræn könnun er lögð fyrir nemendur í annarlök. Könnunin er stutt og er ekki rekjanleg til einstakra svarenda. Leitast er við að leggja mat á upplifun nemenda af náminu og verunni í skólanum.
- Rafræn könnun er lögð er fyrir kennara að loknum áföngum. Kennarar eru allir verktakar og kenna yfirleitt ekki nema nokkrar kennsluvikur á ári. Áður en áfangi hefst, fundar verkefnastjóri með kennara og að loknum áfanga er áfanginn gerður upp, munnlega og í sameiningu, - verkefnastjóri – kennarar. Farið er yfir hvað gæti verið til bóta fyrir kennslu og fyrirkomulag þessa tiltekna áfanga næsta námsár. Kennari skilar þá nokkurskonar stuttu munnlegu sjálfsmati. Liggur þetta uppgjör til grundvallar skipulagi kennslu næsta skólaár eins og niðurstöður kennslukannana og annakannana.
- Samantekt úr annarkönnunum sýnir að nemendur eru ánægðir með námsframboð og veruna í skólanum. Námið er krefjandi en gefandi fyrir nemendur. Um það eru þeir sammála. Ljósmyndaskólasamfélagið er þeim mikilvægt.
- Svörun í kennslu og annarkönnunum er ekki alltaf nægjanleg til að niðurstöður séu marktækar. Þrátt fyrir að svörun í könnunum hafi verið undir væntingum endurspeglar ýmislegt það að nemendur eru að jafnaði ánægðir í náminu og stoltir af skólanum sínum og því námi sem þeir stunda. Brottfall nemenda eftir að nám er hafið er sjaldgæft án þess að til þess séu heilsufarslegar, fjárhagslegar eða aðrar persónulegar ástæður. Ánægja nemenda endurspeglast víða og meðal annars í sjálfsmati sem nemendur skila af sér í mörgum áföngum námsins. Eru niðurstöður þess til umræðu í uppgjóri með kennara á áfanganum við lok hans.

Hafa ber í huga að Ljósmyndaskólasamfélagið er lítið, og boðleiðir allar stuttar. Auðvelt er að leita svara við spurningum eða að koma hugmyndum um úrbætur til stjórnenda. Á það bæði við nemendur og kennara.

- Stjórn skólans og fagráð skólans funda reglulega. Leitast er við að finna leiðir til að samþætta með sem bestum hætti faglega og rekstrarlega þætti í starfsemi skólans.
- Skólafundur með nemendum og starfsfólki var haldin í febrúar. Var hann að vanda gott spjall. Ljósmyndaskólasamfélagið er samheldið og nærandi og nemendur og starfsfólk ánæggt með námið, fyrirkomulag, aðstöðu og starfsanda. Nemendur á seinni stigum náms velta oft fyrir sér frekara námi að loknu námi í skapandi ljósmyndun við Ljósmyndaskólann. Það að einingar fjórða þreps náms séu ekki metanlegar á milli skólastiga á Íslandi er bagalegt. Mikill áhugi er á að hægt sé að taka nám á hálfum hraða til að auðvelda nemendum að stunda hlutavinnu meðfram námi.

- Þetta ár var sem fyrr fylgt þeirri verkáætlun um innramat og gæðamál skólans sem sett eru fram í almenna hluta skólanámskrár. Hún er aðgengileg á heimasíðu skólans ljósmyndaskolinn.is.

### Helstu verkefni ársins.

Unnið er eftir verkáætlun um rekstur skólans. Markmiðið er að nýta sem best það fjármagn sem til ráðstöfunar er og að vinna stöðugt að bættum hag nemenda.

Rekstraráætlun síðasta árs stóðst í stórum dráttum þó áherslum í áætlun hafi verið hnikað örlítið til á milli liða. Kostnaður vegna reksturs húsnæðis varð aðeins hærri en áætlað hafði verið þar sem vísitölubundin hækkun húsaleigu varð hærri en gert var ráð fyrir. Eins er í nýjum samningi gert ráð fyrir fastri krónutöluhækkun á mánaðarleigu til viðbótar vísitöluhækkun. Til mótvægis var þá leitast við að skera niður kostnað í öðrum liðum áætlunar.

Sem fyrrum er áhersla á að greina verkefni og að forgangsraða verkefnum eftir mikilvægi.

Verkferlar skólans eru sífellt í endurskoðun og markmiðið að auka skilvirki, upplýsingagjöf og að bæta vinnuumhverfi nemenda og kennara.

Kappkostað var að vinna að bættum hag nemenda með því að halda áfram að endurnýja tækjakost og að bæta við nýjum tækjum eftir áætlun þar um.

## 1.2 Tæki/Búnaður

Ljósmyndun er grein sem í grunninn byggir á tækni ýmiskonar og gildir einu hvort um er að ræða stafræna umhverfið eða vinnu með filmur. Mikilvægt er að nemendur vinni í því tækniumhverfi sem tilheyrir greininni og í umhverfi þar sem unnið er með tækni og tæki reynist nauðsynlegt að endurnýja tæki og búnað reglulega, bæði vegna þess að búnaður slitnar en eins vegna tækniþróunar og nauðsynlegrar uppfærslu hverskonar hug- og vélbúnaðar sem unnið er með. Ávallt þarf að leitast við að halda í við tækniþróun og að bjóða nemendum upp á að vinna með þau tæki og búnað sem hverju sinni eru í takt við tímann.

Það er stefna skólans að lengja líftíma alls búnaðar eins og mögulegt er og að gera við/láta lagfæra búnað sé þess kostur.

Varðandi endurnýjun og endurbætur tækjabúnaðar er unnið eftir áfangaskiptri áætlun. Gerir hún ráð fyrir reglulegri endurnýjun á hluta af tölvubúnaði skólans. Einnig þarf árlega að endurnýja ýmsan myndatökubúnað s.s myndavélar og búnað í studíói.

Árlega þarf að endurnýja og bæta við nokkuð af búnaði til að auka við tækjæign skólans, sér í lagi búnað sem nýtist í gegnum **Tækjalán** til nemenda.

Í Tækjaláni skólans hafa nemendur aðgang að margvíslegum búnaði til láns til þess að vinna verkefni í náminu eða til þess að prófa, læra á og til að gera tilraunir með. Eru nemendur eindregið hvattir til þess að notfæra sér Tækjalánið og kappkostað að þar standi nemendum fjölbreytt úrval tækja til boða.

Reglulega þarf einnig að uppfæra tölvur í tölvuveri og tengdan búnað til að styðja nýjustu uppfærslur þess hugbúnaðar sem notaður er við kennslu í skólanum og nemendur hafa aðgang að. Á starfsárinu var því áfram unnið að endurnýjun tækja og búnaðar. Endurnýjaðar voru hluti af tölvum í tölvuveri, hluti ljósabúnaðar í studíói og eins búnaður í tækjaláni.

Almennt gildir að tæki og búnaður eru endurnýjuð samkvæmt áætlun og eins og rúmast á rekstraráætlun hvers árs.



### 1.3 Kostnaður

Markvisst er unnið að því að minnka kostnað nemenda við námið og tekur skólinn á sig hluta þeirra efnisgjalda sem fellur á nemendur vegna námsins.

Skólinn greiðir fyrir alla vökva í myrakraherbergi og sér nemendum að auki fyrir pappír til þess að gera tilraunir með í prentun í myrakraherbergi.

Skólinn ber hluta af prentkostnaði (bleknotkun prentara) nemenda. Hver nemandi fær í upphafi annar, úthlutað prentkvóta og miðað er við að sá prentkvóti dugi nemendum rúmlega fyrir skilaverkefnum annarinnar. Magn prentkvóta á nemenda tekur mið af því hvort viðkomandi nemandi er í heilu eða hálfu námi.

Nemendur standa straum af kostnaði við pappír bæði fyrir stafræna prentun og myrakraherbergis prentun en skólinn útvegar nemendum pappír fyrir ákveðin verkefni s.s. eins og prentun á verkum fyrir viðburð sem nefndur er *Listamaður vikunnar* og aðra viðburði á vegum skólans.

Skólinn á pappír af ólíkum stærðum og gerðum fyrir stafræn prent sem nemendur geta gert tilraunir með, t.d. til að æfa prentun af rúllu. Nemendur fá einnig endurgjaldslaust aðgang að mismunandi pappír til prentunar í myrakraherbergi til þess að prufa og til að nota í tilraunaskyni.

Markmiðið er að nemendur geti þannig kynnt sér og lært á ólíka eiginleika mismunandi pappírs við prentun og að hvetja nemendur með þeim hætti til tilraunamennsku varðandi útfærslu verkefna.

Það er búbót fyrir nemendur að þurfa ekki að greiða fyrir vökva í myrakraherbergi og að fá prentkvóta. Þessir liðir hafa reynst nemendum kostnaðarsamir. Ráðstöfunin er hluti af viðleitni skólans til að jafna aðstöðu nemenda til náms en margir efnaminni nemendur leitast við að spara þessi útgjöld við sig. Það kemur niður á frammistöðu þeirra og framvindu náms.

Í náminu er lögð áhersla á að þjálfa vinnubrögð í aðferðum og tækni; t.d. í myrakraherbergi og stúdíói. Áhersla er á að þjálfa leikni nemenda í að prenta bæði stafrænt og í myrakraherbergi og í að lesa prent. Þessi þjálfun fer fram með handleiðslu á verkstæðum. Fyrirkomulagið skilar sér ótvírætt í ánægju meðal nemenda, í meiri tilraunamennsku og aukinni færni í námsþáttum sem snúa að prentun í myrakraherbergi og stafræna prentun.

Hefð er komin á það fyrirkomulag að skólinn stendur fyrir pöntun á vöru (filmum og pappír) sem nemendur þurfa að nota í áföngum þar sem kennd er myrakraherbergisvinna. Nemendur skrá sig fyrir pakka af vöru sem þeir þurfa að nota til að leysa verkefni myrakraherbergisáfangans og greiða kostnaðarverð fyrir þann pakka. Þessi háttur hefur verið hafður á nú í nokkur ár og er ótvírætt til þægindaauka fyrir nemendur og einnig kennara í viðkomandi námsgrein.

Skólagjöld Ljósmyndaskólans voru hækkuð lítillega að krónutölu haustið 2023 en höfðu þau þá verið nær óbreytt frá árinu 2014. Höfðu ekki fylgt verðalagsþróun eða hækkun rekstarkostnaðar samhliða verðhækkunum. Haustið 2021 voru skólagjöld lækkuð lítilega á grundvelli þess að styrkur til reksturs fékkst frá ráðuneyti. Til viðbótar krónutölu lækkunar kom einnig inn verulega aukin þátttaka skólans í efniskostnaði nemenda við námið.

Miklar verðhækkningar síðustu misseri á öllum aðföngum; tækjum, búnaði og þjónustu eru staðreynd. Skólagjöld fyrir hverja önn hækkuðu því árið 2023 að krónutölu til, í kr. 680.000. Skólinn tekur áfram á sig hluta kostnaðar nemenda við námið. Einnig að verulegu leiti þær verðhækkningar sem orðið hafa á aðföngum; svo sem eins og á vökvum í myrakraherbergi og bleki í prentara, hugbúnaðarleyfum og öðru slíku. Skólagjöld rekstrarárið 2024 voru óbreytt frá síðast ári eða kr. 680.000 á önn.

Laun kennara/verktaka hækkuðu í upphafi haustmisseris árið 2024 í takti við vísitöluhækkningar. Sama gilti um önnur laun.



## 1.4 Kennsla - Kennslufyrirkomulag

Kennarar á þessum tveimur önnum náms árið 2024 voru 29, allir verktakar og að auki komu leiðbeinendur að starfi með nemendum á lokaönn námsins og ýmsir gestafyrirlesarar sem fluttu staka fyrirlestra ítarefni/sérhæfð viðfangsefni í einstökum áföngum á báðum námsbrautum.

Kennsla var skipulögð samkvæmt því námsframboði sem boðið er upp á staðfestum námsbrautum skólans. Kennsla þetta starfsár var skipulögð sem staðnám en fjarfundatækni nýtt fyrir hluta fyrirlestra, hópatíma, einkaviðtöl og umræðutíma í einstökum áföngum þar sem það hentaði. Eins gátu nemendur sem ekki áttu heimangengt oft óskað eftir að fá að fylgjast með kennslustundum um fjarfundi. Sá möguleiki stuðlar að aukinni mætingu eða virkri þátttöku í kennslustundum. Möguleikinn á að kenna um fjarfund gerir það einnig að verkum að kennarar þurfa ekki alltaf að vera staddir á Reykjavíkursvæðinu til þess að skólinn getir notið starfskrafta þeirra. Þetta fyrirkomulag var einkar þægilegt þar sem sníða þurfti fyrirkomulag kennslu að hluta til í takti við framkvæmdir sem stóðu yfir við húseignina að Hólmaslóð 6 á vegum eigenda þess, stærstan hluta ársins. Verklegur hluti náms fór alltaf fram í staðnámi og kappkostað var sem fyrr að tryggja að nemendur hefðu góðan aðgang að vinnuaðstöðu á verkstæðum skólans. Það er forsenda þess að þeir nái sem bestum tókum á verklegum þáttum námsins. Sem fyrr stóð nemendum reglulega til boða ýmiskonar aukaaðstoð á verkstæðum skólans við úrlausn verkefna.

## 1.5 Bókasafn

Bókasafn skólans er mikilvægur þáttur í námi nemenda og þeirri kennslu sem fram fer í Ljósmyndaskólanum. Þar er gott úrval bóka um ljósmyndun, ljósmyndara, sjónlistir almennt, listasögu, listsköpun aðferðir, tækni og hugmyndir svo nokkuð sé nefnt. Þær bækur sem til eru á safni skólans eru yfirleitt ekki aðgengilegar á öðrum söfnum á Íslandi og safn skólans þannig einstakt í sinni röð.

Bókakostur á bókasafni var aukin samkvæmt áætlun. Þar var þetta ár, einkum bætt við bókum um samtímalistamenn og samtímaljósmyndun. Ekki síst var lögð áhersla á bókverk ungra samtímalistamanna og íslenskra ljósmyndara/listamanna. Einnig voru keyptar bækur sem nýtast sem námsefni eða ítarefni við kennslu í mismunandi vinnustofum námsins.

Fylgt er áætlun um innkaup á bókasafn skólans og sú áætlun er endurskoðuð og uppfærð reglulega.

Bókasafnið er ein meginstöð náms í skólanum og kappkostað að sé til gott úrval bóka sem nýtist nemendum við námið, að þeir geti þar víkkað út hugmyndir um ljósmyndun og möguleika miðilsins bæði hvað varðar notkun tækni, aðferða og hugmyndaþróun.

Mikilvægt er að á bókasafni séu til bækur sem nýtast kennurum við kennslu í mismunandi áföngum beint og óbeint eða bækur sem eru stuðningsrit/ítarefni fyrir nemendur og kennara við nám/kennslu í tilteknum áföngum.

Lögð er áhersla á að þar séu til uppflettirit og handbækur sem koma sér vel við hverskonar skrifleg verkefni s.s. ritgerðasmíði en einnig við hugmyndaþróun eða framsetningu hugmynda. Afar mikilvægt er að safnkostur endurspegli strauma og stefnur í ljósmyndun og öðrum listum bæði í samtíma og fyrri tíð og gefi góða mynd af listsköpun ólíkra menningarheima og mismunandi hópa. Eins er mikilvægt að á safninu sé almennt að finna fjölbreyttar bækur um listamenn, liststefnur, listasögu, heimspeki og aðferðir við listsköpun.

## 1.6 Samstarf og fræðslustarf

Áfram leitað var leiða til að efla samstarf við aðrar mennta- og menningarstofnanir.

Auk samstarfs við Ljósmyndasafn Reykjavíkur varðandi það á hýsa útskriftarsýningu nemenda skólans sem áður er getið, má nefna að í gildi er samstarf á milli Ljósmyndaskólans og SÍM – Samband íslenskra myndlistarmanna, sem snýr að samstarfi varðandi fræðslufyrirlestra og



kynningu á verkum og störfum listamanna. Tengist þetta samstarf gestastofudvöl erlendra listamanna á vegum SÍM.

Ljósmyndaskólinn er í samstarfi við Físl – félag íslenskra samtímaljósmyndara og hýsti á árinu stjórnarfundir og fræðslufyrirlestra félagsins. Fræðslufyrirlestrarnir voru ætlaðir félagsmönnum Físl og almenntingi. Nemendur voru hvattir til að mæta á þá fyrirlestra. Voru fyrirlestrarnir almennt vel sóttir og hafa vafalítið orðið til að auka vitund almennings um tilvist skólans og útvíkkað í ýmsu hugmyndir um möguleika ljósmyndamiðilsins.

Tekið var á móti gestum frá erlendum skólum og skólahópum. Þess jafnan gætt að gefa færi á samskiptum gesta og nemenda Ljósmyndaskólans með það að markmiði að auka viðsýni, að kynna hugmyndir og mismunandi nálgun á listsköpun og að koma á samtali á milli einstaklinga.

Tekið var að auki á móti fjölmörgum hópum framhaldsskólanema af höfuðborgarsvæðinu sem áhuga höfðu á að kynna sér starfsemi skólans.

Ljósmyndaskólinn tók þátt í Opnum dögum sem samtök sjálfstæðra listaskóla stóð fyrir í febrúar. Kom talsverður fjöldi gesta þá til að kynna sér starfsemi skólans og hitta á nemendur að störfum á verkstæðum skólans.

Nemendum buðust ýmsir aðrir fræðslu- eða kynningarfyrirlestrar íslenskra og erlendra listamanna. Þessir viðburðir eru stundum blanda af fyrirlestrum og kynningu á aðferðum eða leiðum við listsköpun. Þeir eru utan skipulagðs námsframboðs og nemendum að kostnaðarlausu. Ljósmyndaskólinn greiðir þá listamönnum viðvikið, nemendur njóta.

Nemendum Námsbrautar í skapandi 1 bauðst eins og undanfarin ár að taka þátt í stuttu námskeiði þar sem kenndar eru mismunandi aðferðir við einfalt bókband/bókasaum. Reynslan hefur sýnt að það að hafa vald á þeirri þekkingu sprengir út hugmyndir nemenda og eykur möguleika þeirra á framsetningu skilaverkefna í náminu sem og á eigin verkefnum.

## 1.7 Innra starf

- Áhersla var sem fyrrum á að greina verkefni og að forgangsraða verkefnum þannig að fjármagn til ráðstöfunar nýtist sem best.
- Alltaf er verið að skoða hvernig mögulegt er að lækka frekar kostnað nemenda við námið. Slíkar áætlanir taka meðal annars mið af nemendafjölda. Lengd náms beggja námsbrauta við skólann eru fimm annir. Þegar fjöldi nemenda á námsbraut reynist undir áætluðum fjölda gætir áhrifa næstu rekstrarár.
- Unnið er að því að gera formlega könnun á stöðu útskrifaðra nemenda Ljósmyndaskólans en slíkar kannanir hafa verið gerðar nokkuð reglulega og áhugavert að skoða hvort hlutfall þeirra sem vinna við ljósmyndamiðilinn að einhverju eða öllu leiti hefur breyst síðan slík könnun var síðast gerð. Vonast er til að niðurstöður könnunar liggi fyrir í haust.
- Talsverð vinna var lögð í greiningar- og stefnumótunarvinnu með það að markmiði að greina stöðu Ljósmyndaskólans og möguleika námsins sem boðið er upp á á tveimur námsbrautum; Námsbraut í skapandi ljósmyndun 1 - 60 Fein  
Námsbraut í skapandi ljósmyndun 2 - 90 Fein

Til grundvallar námsbrautum skólans liggja þessi atriði:

- Listnám á 4. hæfniprepi.
- Kennt á íslensku, markmið að efla og auðga orðlæðu í listum og listumfjöllun.
- Markmiðið að auka vægi ljósmyndunar sem listmiðils í íslensku samhengi.



- Skapa sérstöðu í íslensku samfélagi, auka fjölbreytni í menntun í sjónlistum og að auka þannig fjölbreytileika birtingarmynda sjónlista í íslensku samfélagi.
- Horft til skipulags/inntaks náms í ljósmyndun erlendis.

Skólinn er ekki bara námið, einnig þeir nemendur sem stunda nám, útskrifast og bera út hróður skólans. Samfélagið sem verður til í kringum ljósmyndina sem listmiðil. Þetta samfélag er orðið nokkuð stórt ekki síst vegna tilveru Ljósmyndaskólans. Nemendur og kennarar mynda tengsl, mynda samfélag.

#### **Nemendur skólans samsetning hópsins:**

Síðustu 5 ár hafa um 60% - 75% allra nemenda skólans þegar verið með framhaldsmenntun – háskólapróf. Meðalaldur nemenda á hverju námsári er 32 /33 ár.

Samsetning nemendahópsins undnafarin 5 ár hefur verið að um 25 - 30 % eru nemendur sem koma beint eftir stúdentspróf eða því sem næst. Um 60 - 75% nemenda eru með meira nám að baki.

#### **Ástæða þess að sótt er um nám í Ljósmyndaskólanum**

- Markmið með umsókn er að bæta þekkingu viðkomandi á ljósmyndamiðlinum, beitingu hans og möguleikum en eins vegna áhuga á að þjálfa aðferðir við listsköpun.
- Algengt er að ástæðan sé áhugi á að víkka út möguleika fyrri menntunar, að skapa sér starfsvettvang á sviði ljósmyndunar eða sjónlista almennt, undirbúningur undir frekara nám.

#### **Umsækjendur einstaklingar með þrennskoanar bakgrunn.**

- Háskólamenntaðir einstaklingar sem sækja um nám í Ljósmyndaskólanum fyrst og fremst til þess að bæta þekkingu sína á ljósmyndamiðlinum, beitingu hans og möguleikum en eins til að þjálfa aðferðir við listsköpun. Annaðhvort er markmiði það til að víkka út möguleika fyrri menntunar og að auka við hæfni viðkomandi á grundvelli þeirrar menntunar sem viðkomandi hefur þegar. Mögulega er einnig markmiðið til að undirbúa það að breyta um starfsvettvang í framtíðinni.
- Einstaklingar sem koma úr hinum ýmsu deildum framhaldsskóla fjótlega að loknu stúdentsprófi.
- Fólk sem hefur stúdentspróf en hefur unnið við sjónlistir eða skapandi greinar ýmiskonar um árabíl og hefur yfir viðtækri reynslu og þekkingu að búa.

Margir þessar einstaklinga hafa þegar nýtt allan sinn kvóta til lána hjá Menntasjóði námsmanna og fjármagna nám við sitt við skólann með öðrum hætti. Markmið skólans er að útskrifa ánægða og vel menntaða einstaklinga – tilbúna til að beita miðlinum á persónulegan máta, setja fram heildstæð myndverk og að starfa sjálfstætt að listsköpun.

Ánægðir nemendur sem halda áfram að vinna með miðlilinn eftir útskrift eru besta auglýsingin fyrir námið.

Styrkleikar skólans eru að hann er eini sinnar tegundar á Íslandi. Námsbrautir hans hafa staðfestingu Menntamálastofnunar, nám á fjórða hæfniprepi og skólinn hefur viðurkenningu sem einkaskóli á framhaldskólastigi. Námsmarkmið eru skýr og þar sem skólinn er lítill er námið nokkuð einstaklingsmiðað, nemendahópurinn fjölbreyttur og vel menntaður og fjölbreyttur kennarahópur.

Helstu þröskuldar þess að skólinn blómstri er námsstigið, námið ekki metanlegt yfir á önnur skólastig, smæðin, há skólagjöld og árleg óvissa um aðsókn að náminu sem tekur breytingum eftir utanaðkomandi þáttum.

Mikilvægt er að vinna að því með menntamálayfirvöldum að auka verðmæti námsins, það er að segja það einingar náms séu metanlegar á milli skólastiga. Mikilvægt að halda áfram að vinna að því að koma á samstarfi við fleiri menntastofnanir á Íslandi og erlendis, leita leiða til að geta lækkað skólagjöld.

- Það er markmið stjórnenda að stuðla að góðum skólabrag og að efla skólaanda og samfélag Ljósmyndaskólans eins og kostur er.

Að vanda studdi skólinn við bakið á Nemendafélagi Ljósmyndaskólans t.d með því að greiða veitingar á kynningarfundum að hausti, bíókvöldi og öðrum slíkum viðburðum sem nemendafélagið skipulagði innan skólans og stuðla með því að efla tengsl nemenda á mismunandi námsárum og að ýta undir öflugt nemendafélag.

Stjórnendur skólans og nemendafélagið standa að sameiginlegri árshátíð nemenda, kennara og annars starfsfólks og var hún haldin á vormánuðum með pompi og prakt að venju.

## 1.8 Almenn viðhald húsnæðis

Á árinu var reglulegu viðhaldi húsnæðis sinnt og markmiðið að bæta með því vinnuástöðu allra þeirra sem starfa við Ljósmyndaskólann. Framkvæmdum húseigenda við húsnæðið að Hólmaslóð 6 lauk á haustmíssi 2024 og höfðu margvíslega bót í för með sér; skipt var um útidyrhurð og glugga í húsnæðinu sem hefur meðal annars í för með sér aukin gæði hljóðvistar.

## 1.9 Húsgögn og tæki annar en ljósmyndabúnaður

Unnið er eftir áætlun um endurnýjun almenns búnaðar og húsgagna t.d var nokkur hluti stóla í kennslustofum endurnýjaður þetta rekstrarár.

## 1.10 Heimasíða skólans - kynningarefni

Heimasíða skólans er í senn grundvallar markaðstæki skólans og upplýsingabanki. Þar eru birtar upplýsingar um nám, áfanga og námsbrautir, skólanámskrá, skýrslur og stefnur skólans, samstarfsaðila og önnur gögn. Auk þess fróðleikur ýmis og fréttir af skólastarfinu. Nýtast þessar upplýsingar nemendum skólans og þeim sem áhugasamir eru um námið í skólanum.

Áfram var unnið að uppfærslu efnisflokka á heimasíðu skólans og birtingu gagna samkvæmt áætlun.



